

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 28/2008

frá 14. mars 2008

um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2007 frá 26. október 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/770/EB frá 9. nóvember 2006 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1228/2003 um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 20. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1228/2003) í IV. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32006 D 0770:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/770/EB frá 9. nóvember 2006 (Stjtið. ESB L 312, 11.11.2006, bls. 59).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2006/770/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 312, 11.11.2006, bls. 59.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 14. mars 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.